

Þriðjudaginn 25. mars 1986.

Nr. 75/1986. **Karl J. Steingrímsson**

gegn

Reykjavíkurborg

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 19. febrúar 1986, er barst Hæstarétti 28. febrúar, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dómkveðja matsmenn á grundvelli matsbeiðni frá 25. nóvember 1985. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hann hyggist leita réttar síns fyrir dómstólum vegna ágreinings við varnaraðila um land sitt, Brekku við Grafarvog. Telur hann að mat skuli fara fram á grundvelli 3.mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 og skuli matsmenn kvaddir til matsins samkvæmt almennum reglum einkamálalaga enda eigi matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973 ekki að framkvæma mat samkvæmt því lagaákvæði.

Ekki þykja lög nr. 11/1973 standa í vegi fyrir því að sóknaraðili geti fengið dómkvadda matsmenn samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/1936 til að leggja mat á hvort staðfest skipulag á svæði því þar sem land hans er valdi því að hann geti ekki nýtt það á þann hátt sem í 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga segir.

Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og á dómkvaðning matsmanna samkvæmt framansögðu að fara fram.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1986.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 4. þ.m., er beiðni Eiríks Tómassonar hrl., f.h. Karls J. Steingrímssonar, Laugarásvegi 35, Reykjavík, nnr. 5514-4818, með vísun til 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að leysa úr þessu álítaefni:

„Hefur Reykjavíkurborg ákveðið, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, að eignarland matsbeiðanda, „Brekka við Grafarvog“, skuli tekin til almenningsnota með þeim afleiðingum að matsbeiðandi geti ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m.a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágreinni?“

Magnús Óskarsson borgarlögmaður hefur f.h. matsþola Reykjavíkurborgar gert þær réttarkröfur, að beiðni þessari verði synjað og að matsþola verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Dómarinn leitaði sátta með aðiljum en þær reyndust útilokaðar.

Matsbeiðandi styður beiðni sína þeim rökum, að þegar erindi matsþola Reykjavíkurborgar um að matsnefnd eignarnámsbóta úrskurðaði bætur vegna holræsalagningar um landið hafi verið fyrir nefndinni, hafi matsbeiðandi einnig gert þá kröfu fyrir nefndinni að Reykjavíkurborg yrði gert skyllt að kaupa eignarland hans „Brekku við Grafarvog“, og jafnframt að honum yrði úrskurðað endurgjald fyrir landið á grundvelli 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi hafnað þessari kröfu matsbeiðanda með úrskurði uppkveðnum 10. maí 1985. Hann telji nú, eftir nánari athugun á skipulagslögum og lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, að þetta úrlausnarefni heyrir ekki undir matsnefnd eignarnámsbóta, heldur matsmenn, sem dómkveðja skuli með venjulegum hætti. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 11/1973 sé matsnefndinni ætlað að skera úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, en virðist ekki hafa verið fengið vald til þess að leysa úr öðrum álítaefnum, nema slíkt byggist á sérstakri heimild í lögum. Í 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga sé gert ráð fyrir því að dómkvaddir matsmenn leggi mat á það hvort fasteignareigandi geti nýtt sér fasteign sína með eðlilegum hætti. Í því mati felist ekki ákvörðun um eignarnámsbætur og þess vegna sé vafasamt að matsnefnd eignarnámsbóta hafi haft vald til þess að kveða upp úr um þetta.

Andmæli sín við beiðni matsbeiðanda styður matsþoli þeim rökum, í fyrsta lagi að mat það sem hér sé um beiðið hafi þegar verið framkvæmt lögum samkvæmt. Nákvæmlega sama úrlausnarefni hafi verið lagt fyrir matsnefnd eignarnámsbóta sem kveðið hafi upp úrskurð sinn 10. maí 1985. Lögin um framkvæmd eignarnáms hafi komið í stað eldri lagaákvæða um það efni, og sé 29. gr. skipulagslaganna skýrt dæmi. Matsnefnd eignarnámsbóta komi í stað þeirra dómkvöddu matsmanna, sem áður hafi verið

tilgreindir í eldri lögum, og hún hafi fjallað um þetta mál og úrskurðað á löglegan hátt. Hér eigi því 138. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 við, og dómkvaðning matsmanna óþörf og andstæð lögum.

Í öðru lagi bendi matsþoli á, að synja bæri um dómkvaðningu matsmanna skv. 3. mgr. 29. gr skipulagslaga þar eð lagaforsendur slíks mats skorti. Ekki hafi komið til álita að taka land matsbeiðanda til almenningsnota. Frestur skv. 4. mgr. 29. gr. hafi auk þess löngu verið liðinn. Matsbeiðandi hafi og samþykkt það skipulag sem hér um ræði.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðiljum að matsnefnd eignarnámsbóta hafi í úrskurði 10. maí 1985 metið það sem hér er beðið um að dómkvaddir menn meti. Hins vegar telur matsbeiðandi vafa leika á því hvort nefndin hafi í raun haft úrskurðarvald um álitafni það sem hann nú sérstaklega tilgreinir.

Ekki verður annað séð en að matsnefnd eignarnámsbóta skv. lögum nr. 11/1973 hafi verið ætlað að koma í stað þeirra dómkvöddu manna, sem tilgreindir eru í 29. gr. laga nr. 19/1964. Mat nefndarinnar hefur farið fram og yrði dómkvaðning matsmanna því andstæð 138. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að synja um beiðni þessa, en rétt þykir að hvor aðilja beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Beiðni matsbeiðanda um dómkvaðningu matsmanna með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1964 er synjað.

Málskostnaður fellur niður.